

Samkvæmt verklagsreglum leikskóla sem byggja á barnaverndarlögum nr.80/2002 og finna má á [bvs.is](http://bvs.is) skal: **ef grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni, fara strax til yfirmanns sem tilkynnir til barnaverndar í nafni leikskólans.**

Mikilvægast er að starfsmenn leikskóla séu vel vakandi og þekki einkenni vanrækslu og ofbeldis. Það getur verið erfitt að henda reiður á þessar vísbendingar sem hér hafa komið fram. Komi barn til manns með upplýsingar sem gefið geta vísbendingar þarf bamið að sjá að maður er að hlusta. Og það þarf að hrósa barninu fyrir að hafa komið til manns.

- Barnið skal ávallt hafa forgang, því gagnvart því liggur mesta skyldan. Hafi óviðunandi ástand varað í langan tíma sem ekki hefur breyst þrátt fyrir viðræður við foreldra ber að tilkynna um málið til barnaverndarnefndar ([www.bvs.is](http://www.bvs.is)).
- Í 17. grein barnaverndarlaga stendur að: „hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Tilkynningaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglum um



Ragnheiður Magnúsdóttir

Háholt 32,  
300 Akranesi

Sími neyðarlínunnar: 112  
Sími fjölskyldusviðs Akraness.: 433-1000  
([www.bvs.is](http://www.bvs.is))  
Þórhildur Líndal (2007) *Barnasáttmálinn*.

Hvað geri ég?

Hvernig er best að bregðast við ef ég tel að barn sé vanrækt eða beitt ofbeldi.

Er verið er að brjóta á barni heima fyrir?

Bæklingur fyrir starfsfólk leikskóla!



{ Gruna- tilkynna- bjarga! }

Leiðbeiningar fyrir starfsmenn leikskóla, ef grunur vaknar um að barn sé vanrækt eða beitt ofbeldi!  
Avallt skal fara með allan grun til leikskólastjóra sem tilkynnir til barnaverndar sé ástæða til!

### Vanræksla:

- Er þegar ekki er mætt líkamlegum og andlegum þörfum barns.
- Er endurtekinn skortur á viðeigandi umönnun barns.
- Getur verið líkamleg, eftirlitsleysi með barni er ábótavant, sálræn og/ eða andleg vanræksla, tilfinningaleg og einnig þegar hegðun foreldra er börnunum skaðleg.
- Foreldri gefur t.d. barni sínu ekki holla eða næga fæðu, húsnæði er ábótavant og fatnaður sómuleiðis.
- Foreldrið verndar barnið ekki gegn líkamlegum skaða eða hettum, né fer með barnið til læknis/ tannlæknis þegar á þarf að halda.
- Dæmi um einkenni: Barn þrífst illa, lítur illa út, getur verið eftir á í þroska og tali, hvatvíst og árásgjarnt.

Starfsfólki ber skylda til að tilkynna til barnaverndar um allan grun ef að barn hlýtur ekki viðunandi uppeldisskilyrði (Barnaverndarlög nr.80/2002).



### Andlegt ofbeldi:

- Er þegar barn er kallað illum nöfnum, komið er illa fram við það, og barnið er brotið niður. Barn er hunsað og jafnvel ekki huggað.
- Er þegar barnið verður vitni að ofbeldi á heimilinu.
- Er erfitt að koma auga þar sem engir sýnilegir áverkarnir eru til staðar á barninu.
- Dæmi um einkenni: Barn skammast sín, er óeðlilega feimið, þunglynt og með lítið sjálfstraust.

### Líkamlegt ofbeldi:

- Er þegar líkamlegu afli er beitt gegn annarri manneskju.
- Á sér stað ef að barn er hrist harkalega, slegið, lamið eða kýlt. Það er sparkað í barnið eða þá að það er flengt.
- Skilur oft eftir sig sjáanlega áverka á líkama barnsins s.s. brunasár, marbletti og jafnvel beinbrot sem ekki er hægt að útskýra á trúlegan hátt.
- Dæmi um einkenni: barn sýnir leiða, pissar á sig, sýnir ofsa- og reiðiköst, reiðist auðveldlega og á erfitt með að treysta fólki.

Verklagsreglur um tilkynningaskyldu gera ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni leikskólans og að tilkynningin sé á ábyrgð hans en ekki einstakra starfsmanna. Ef starfsmaður ákveður að tilkynna til barnaverndar gerir hann það þá á eigin ábyrgð og nýtur þar af leiðandi ekki nafnleyndar!

(www.bvs.is)

### Kynferðislegt ofbeldi:

- Felur í sér að þröngva eða tæla barn til þess að taka þátt í kynferðislegri athöfn, hvort sem að barnið veit hvað er í gangi eður eilí athöfninni gæti falist líkamleg smerting, þ.m.t. tilraunir til innþrengingar eða ekki.
- Getur hent hvaða barn sem er, hvort sem um er að ræða manns eigið barn, systkini manns, frændfólk, vini barnanna minna og börn sem ég gæti átt eftir að vinna með og hef jafnvel nú þegar unnið með!
- Getur verið sífjaspell, kynferðisofbeldi ókunnugra sem og kunnugra gagnvart barni, nauðganir, vændi og klám.
- Dæmi um einkenni: Barn kvartar um sársauka við þvaglát, óvenjumikill kynferðislegur áhugi kviknar hjá því. Það sýnir atlot sem eru ekki við hæfi aldurs þess, verður lystarlaust, reitt, kvíðið og sljótt.

Börn fara ekki eftir því sem þau halda heldur fylgja þau þeim sem þau treysta mest!

(Þórhildur LINDAL, 2007:6)

